

## Hvað er TNR – Fanga-Gelda-Skila

TNR stendur fyrir Trap-Neuter-Return og er mannúðleg og áhrifamikil leið til að stemma stigum við fjölgun villi- og vergangskatta. Aðferðin hefur verið notuð í áratugi í Bandaríkjunum og Evrópu eftir að rannsóknir á aðferðinni reyndust skila árangri í því að bæta líf villi- og vergangskatta, bæta sambúð þeirra við manninn, og fækka þeim með tímanum. Auk þess hefur aðferðin reynst spara sveitarfélögum góðar upphæðir sem annars hefðu farið í kostnað við að greiða meindýraeyðum fyrir að fanga og hýsa dýrin og síðar aflífa þau.

**TNR** aðferðin er notuð víða í heiminum við hinar ýmsu aðstæður. Aðferðin er nákvæmlega eins og hún segir – villikettir eru fangaðir í fellibúr (Trap) farið með þá til dýralæknis sem geldir högna og tekur læður úr sambandi (Neuter) dýrin fá svo að jafna sig inni í 1-7 sólahringa, lengri tími fyrir læðurnar, áður en þeim er sleppt aftur á sinn upprunalega stað (Return).

Kettlingar sem finnast úti eru teknir inn og þeir „mannaðir“ og vandir að heimilisaðstöðum og síðan fundið framtíðarheimili. Sumir kettlingar þurfa á lækniástoð að halda þegar þeir finnast og fá alltaf hjúkrun þar til þeir eru heilbrigðir og tilbúnir á heimili.

**TNR** aðferðin kemur í veg fyrir got og oft þjáningar kettlinga vegna algengra sýkinga, vosbúðar, kulda og hungurs og eykur lífsgæði læða umtalsvert þar sem mikil streyta fylgir því fyrir þær að gjóta 2-4x á ári og vera í stöðugum ótta með afkvæmi sín. Að auki eru þær gjarnar á að fá legbólgur þegar got eru svona tíð og það getur dregið þær til dauða á kvalafullan hátt.

**TNR** miðar að því að leyfa villikisunum að klára lífsferil sinn úti í stað þess að aflífa kisurnar.

### Helstu ástæður fyrir því að nota TNR aðferðina:

- Stemma stigum við fjölgun villikatta
- Bæta lífsgæði villikatta
- Bregðast við kröfum umhverfisins að fækka villiköttum á mannúðlegan hátt
- Vernda líf kattanna, ekki um aflífanir að ræða
- Aðferðin virkar

### Trap-Neuter-Return **Fækkar villiköttum**

**Villiköttum fækkar með tímanum á þeim svæðum sem nota TNR aðferðina**

### Trap-Neuter-Return **Eykur lífsgæði villikatta**

- Villikettir lifa heilbrigðara og friðsamara lífi eftir TNR. Minni líkur á legbólgu hjá læðum og krabbameini hjá báðum kynjum.
- Heilsa kattanna batnar, þeir þyngjast og feldurinn þykkar
- Minni streyta fyrir læður að þurfa ekki að sjá um kettlinga
- Minna um áflog og átök milli fressa, lykt af þvagi fressa ekki eins sterk, fress halda sig frekar á sama stað – eru ekki á þvælingi.
- TNR þyrmir lífi villikatta á mannúðlegan hátt, þeir fá að klára lífsskeið sitt úti í því umhverfi sem þeir þekkja sem heimili sitt.

Allir geldir villikettir eru merktir eins þar sem TNR er notað, klipptur er lítill bútur af efsta parti vinstra eyra. Þannig er auðvelt að sjá að þetta er villiköttur sem hefur verið fangaður geldur og skilað og að það er hugsað um hann þar sem hann heldur til í formi skjóls, fóðurs og eftirlits.





# ABOUT TRAP-NEUTER-RETURN (TNR)

the **PROBLEM...** It's estimated that **tens of millions** of feral and stray cats freely roam the streets of the United States and breed rapidly!

Doing nothing and using ineffective approaches are what have resulted in the current overpopulation problem. Trying to rescue all of the feral cats and find them homes is impossible given their numbers and their limited socialization. Removing or relocating all of the feral cats invites new unneutered cats to move in and the cycle of reproduction starts again.

## the SOLUTION...

Trap-Neuter-Return (TNR) is the only method proven to be **humane and effective** in controlling free-roaming cat population growth. TNR is about:

- ✦ Population control and **permanently reducing** the number of cats in an area
- ✦ Lowering cat intake into shelters, thereby **lowering shelter euthanasia rates**
- ✦ **Reducing the spread of disease**
- ✦ The returned, spayed/neutered colony **guards its territory**, discouraging unneutered cats from moving in and beginning the cycle of overpopulation anew

### What's the difference?

#### STRAY CAT

A tame cat who has become lost or has been abandoned; she has been socialized to people at some point in her life.

#### FERAL CAT

A cat who has little contact with humans, is fearful of people and usually lives on her own outdoors.

### TRAP 1

After adequate preparations, including educating the community about the TNR process, colony cats are trapped using humane traps.


### RETURN 3

After recovery from surgery, feral cats are returned to where they were trapped and are supplied with ongoing access to food and fresh water.

### NEUTER 2

The captured cats are brought in their traps to a spay/neuter provider. Typically, TNR programs also provide vaccinations against certain diseases, like rabies.

**EAR TIPPING** is the universal sign of a neutered feral cat. The procedure involves removing about 1/4" off the tip of the cat's ear (typically the left ear) while the cat is anesthetized for spaying/neutering; healing is rapid. The mark will help prevent unnecessary surgery, confinement, or euthanasia.



PET SMART  
Charities

PetSmartCharities.org

©2011 PetSmart Charities, Inc. All rights reserved.